

Notkun KOMPÁSS um alla Evrópu

Hvað er Evrópa og hvar er hún?

Sagnfræðingar geta frætt okkur um það að á dögum Forn-Grikkja var „Evrópa“ líklega það sem nú er kallað Balkanlöndin. Nú er Evrópa mun víðlendari en vissulega ekki auðveldari skilgreiningar. Í stjórnmálalegum skilningi nær Evrópa yfir meira en 10 milljónir ferkílómetra lands og hún teygir sig landfræðilega inn í Asíu. Loftslagið í álfunni er breytilegt; heittemprað allra syðst og heimskaualoftslag ríkir nyrst. Í Evrópu eru upprunnin ríflega 200 lifandi tungumál og enn fleiri tungumál eru töluð þar. Þar eru um 50 ríki og í þeim búa næstum 800 milljónir manna.

Í Evrópu eru iðkuð öll helstu trúarbrögð heims. Í álfunni stóð vagma lýðræðisins en jafnframt var hún vettvangur einhverra verstu dæma um fasisma og alræðishyggju sem heimurinn hefur nokkru sinni kynnst. Saga Evrópu er mörkuð af helförinni, nýlendustefnu og þrælahaldi og nú má þar finna kjarnorkuvopn sem dygðu til að þurrka út allt líf á jörðinni. En, þar er líka árlega fagnað veitingu friðarverðlauna Nóbels og þar hefur verið stofnaður fastur mannréttindadómstóll sem nýtur virðingar um allan heim.

Löndin í Evrópu

Meðal ríkja Evrópu eru nú nokkur sem eru ekki tíu ára gömul og önnur sem hafa verið með nánast óbreytt landamæri öldum saman. Sums staðar eru landamæri enn á hreyfingu vegna stríðsátaka. Þannig má finna í Evrópu fólk sem býr við daglegt ofbeldi og ófrið á meðan margir aðrir, í þessari sömu heimsálfu, búa við frið, öryggi og almenna velmegun.

? Hvað er það sem gerir land „evrópskt“?

Til eru auðkýfingar í öllum löndum Evrópu; og milljónir manna lifa undir fátæktarmörkum í þeim öllum. Fjölbreytni ríkir innan hvers lands og löndin eru hvert öðru ólík. Kennarar í einum hluta Evrópu fá hærra laun á dag en starfssystkini þeirra annars staðar fá á mánuði. Í enn öðrum löndum fá kennarar jafnvel alls engin laun, mánuðum saman.

Evrópa er því sannarlega fjölbreytt svæði.

Ein Evrópa? Tvær Evrópur?

Getum við einfaldað málin og skipt álfunni í Austur-Evrópu og Vestur-Evrópu? Norður- og Suður-Evrópu? Hvað um Mið-Evrópu?

Getum við skipt henni í Evrópu kristinna manna og Evrópu múslíma?

Eða ríka Evrópu og fátæka Evrópu, friðszæla og stríðshrjáða Evrópu, lýðræðislega Evrópu eða spillta af alræðishyggju, hægri og vinstri Evrópu, ameríkanseraða og sovétinnaða Evrópu?

? Hvaða „hluta“ Evrópu tilheyrir þú? Ert þú „dæmigerður“ fyrir þann hluta álfunnar?

Ef einhver þessara skiptinga virðist rétt, eða koma í það minnsta að gagni við að greina sérþarfir þeirra sem eiga heima sitt hvoru megin við mörkin, skaltu íhuga hvernig sumir eftirfarandi hópa gætu „passað“ í slíka almenna flokka. Svara þarfir þeirra til „staðlaðra“ þarfa þess lands eða hluta Evrópu sem þeir eiga heima í?

- Kaupsýslumenn í Balkanlöndunum
- Samfélag Bengala í Austur-London
- Fólk sem líður fyrir ofbeldi hryðjuverkamanna í Baskalandi eða á Norður-Írlandi
- Fjallabændur sem eiga allt sitt undir veðurfari á Spáni, Ítalíu, í Rúmeníu og í Georgíu
- Rómafólkið (sígaunar) í Ungverjalandi, Slóvakíu, Grikklandi eða Frakklandi
- Múslíma- eða gyðingahatarar í Þýskalandi, Rússlandi, Litháen, Svíþjóð, Póllandi og öllum öðrum löndum álfunnar
- Fiskimannasamfélög í Skotlandi, Noregi, Króatíu eða Eistlandi
- Aðfluttir verkamenn í Belgíu og Finnlandi
- Flóttamenn og hælisleitendur í Úkraínu eða Póllandi;
- Múslímar, stjórnmálamenn, baráttumenn mannréttinda, kennarar, æskulýðsleiðtogar, lágvaxið fólk, sköllóttir karlar, konur með börn og barnlausar konur.

Þessi dæmi sýna að engin þeirra skiptinga sem lögð var til er nógu skýr eða hentug til að lýsa fjölþættu eðli hvers einstaks lands, samfélags eða einstaklings. Ýmsar sömu þarfir gilda um alla Evrópu en í hverju smásamfélagi í hverju einasta ríki eru þarfirnar afar mismunandi. Evrópa, og hvert einstakt ríki álfunnar um sig, er lítill heimur þar sem gætir bæði menningarlegrar og félagslegrar fjölbreytni.

Skoðaðu kaflann „Different Europes“ í námsefninu „All different all equal“ til þess að finna margs konar umræðuefni um þær breytingar sem orðið hafa í Evrópu á síðustu áratugum.

Bók handa Evrópubúum?

Hvers vegna ætti þú að taka saman eina handbók fyrir alla Evrópubúa? Getur slík bók mætt þörfum allra þjóða í þessari auðugu og fjölbreytilegu heimsálfu?

Í þessum kafla eru sett fram nokkur svör við þessum spurningum og fjallað um hvernig tekist var á við þau vandamál sem við blöstu. Þar er einnig reynt að útskýra hvers vegna þetta verkefni er ekki aðeins raunhæft heldur jafnvel nauðsynlegt. Þegar öllu er á botninn hvolft er evrópsk menning ekki aðeins fjölbreytileg heldur hefur hún mörg samkenni sem finnast alls staðar. Það getur verið jafnbrýnt að koma auga á þessi samkenni, og skilja þannig hvað það er sem greinir okkur sundur, og að varðveita ímynd okkar og sjálfsmýnd.



Hefur þú átt samskipti við aðra æskulýðshópa í öðrum hlutum Evrópu? Hvað áttu hóparnir sameiginlegt?

Mannréttindi varða alla

Hugmyndin um mannréttindi er, bæði sögulega og hugmyndafræðilega, grundvöllurinn að stofnun Evrópuráðsins og er aðeins eitt þeirra atriða sem segja má að sameini alla Evrópu. Mannréttindi einskorðast að sjálfsgöðu ekki við Evrópu, en þau eru örugglega einn mikilvægasti þátturinn sem sameinar hana, og fjölgun ríkja með aðild að Evrópuráðinu ætti að efla þau enn frekar.

„... fyrst komu þeir og sóttu kommúnistana; ég sagði ekkert því að ég var ekki kommúnisti. Síðan sóttu þeir gyðingana; ég sagði ekkert því að ég var ekki gyðingur. Þá komu þeir til þess að sækja verkamennina, félagi í stéttarfélagum; ég var ekki í stéttarfélagi. Þar á eftir sóttu þeir kaþólikkana; ég sagði ekkert því að ég var mótmælandi. Loks komu þeir til þess að sækja mig og enginn varð eftir sem gat sagt neitt.“

Séra Martin Niemöller

Öll lönd, sem hafa gerst aðilar að ráðinu, hafa skuldbundið sig til þess að virða þau grundvallarréttindi og frelsisákvæði sem sett eru fram í Mannréttindasáttmála Evrópu. Fyrir almenna borgara Evrópuríkjanna merkir þetta að þessi réttindi og þetta frelsi nýtur, að minnsta kosti að einhverju marki, verndar Evrópusamfélagsins.

Þrátt fyrir Mannréttindadómstól Evrópu verður vernd þessara mannréttinda því aðeins raunveruleg og traust að allir leggi sig fram um að virða þau. Borgararnir verða að þekkja til þessara réttinda, þeir verða að geta staðið vörð um þau ef þau eru brotin og þeir verða að virða þau í daglegu lífi. Þetta er markmiðið með menntun og þetta er viðfangsefni allrar Evrópu.

Þegnar þessarar jarðar

Mikilvægt er að vita hvernig hægt er rísa upp og verja eigin réttindi en þar með er ekki öll sagan sögð. Í þessari handbók er gengið út frá því að mannréttindi séu málefni sem varðar alla jarðarbúa og að æskufólk Evrópu, sem er þegnar þessarar jarðar, verði að viðurkenna þetta svo að mannréttindi verði virt, ekki aðeins í okkar heimshluta heldur hvarvetna á jörð okkar allra.

Að sjálfsgöðu þarf sérhvert Evrópuland að vinna að því að réttindi þegnanna verði betur varin. Ekki eitt einasta land hefur hreinan skjöld að því er varðar brot á mannréttindum en mannréttindafræðsla skiptir sköpum, ekki aðeins fyrir okkar eigin réttindi, heldur einnig réttindi annars fólks. Eitt af markmiðum þessarar bókar er því að stuðla að aukinni vitund um réttindamál svo að ungt fólk (í Evrópu) verði færara um að koma þessum málum í betra horf heima fyrir, en annað markmið er svo það að vekja áhuga unga fólksins á þessum málum í öllum heiminum og íhuga raunveruleg og hugsanleg áhrif sem þess eigin hegðun hefur í þessum efnum.

Ungt fólk um allan heim, ekki síst í Evrópu, hefur ætíð látið mannréttindi og fræðslu á því sviði mjög til sín taka. Á tímum fasisma og alræðishyggju voru það yfirleitt stúdentar og annað ungt fólk sem fór fremst í mótmælum og aðgerðum gegn kúgun og undirokun og æskulýðssamtök hafa ávallt gegnt lykilhlutverki í því að sameina ungt fólk í Evrópu og berjast fyrir réttindum þess. Starf alþjóðlegra æskulýðssamtaka hefur oft beinst að því að styrkja tengsl og skapa samstöðu meðal ungs fólks, bæði innan Evrópu og utan álfunnar. Slíkt starf byggist á hugsjóninni um samstöðu, samstarf, frið og mannréttindi.

Nú er mál til komið að nýta þessa reynslu og þetta starf í þágu annarra ungmenna í Evrópu og efla skilning á mannréttindamálum, bæði innan álfunnar og utan hennar. Efla þarf skilning á því hvernig athafnir okkar geta stuðlað að því að mannréttindi meðbræðra okkar verði vernduð. Það er einnig verkefni allra Evrópubúa.

Evrópskur draumur

Auðvitað vill enginn að hinar ólíku þjóðir Evrópu og menningarheildir glati sérstöðu sinni. Við gerð þessarar bókar var það hins vegar ætíð haft að leiðarljósi að engin menningarheild í Evrópu – eða í heiminum öllum – er í eðli sínu andsnúin blómlegri mannréttindamenningu og þarf ekki að óttast breytingar af hennar völdum. Þessi lífsgildi er raunar þegar að finna í öllum löndum og menningin mun því aðeins þrífast að þau verði eflað (þannig að allir geti lagt sitt af mörkum).

Við bárum líka aðra von í brjósti. Við áttum okkur þá von að sameiginlegur áhugi og viðleitni gæti stuðlað að því að þjappa ungu fólk í álfunni okkar saman, auðveldað því að líta á

„Óréttlæti einhvers staðar ógnar réttlætinu alls staðar.“

Martin Luther King

„Þrautseigja er vænlegri til árangurs en ofbeldi og margt það sem er ófyrstíganlegt í einu lagi leysist ef unnið er að því í áföngum.“

Plútark

aðra sem jafningja sína, lifa í sama veruleika og bera sameiginlega ábyrgð á framtíð álfunnar. Þá gæti Síbería ef til vill tekið höndum saman við Portúgal um að vernda réttindi kvenna; ef til vill gæti æskufólk Albaníu og Lúxemborgar komið upp sameiginlegri vefsíðu til að vekja athygli þjóða heimsins á barnaprælkun og kannski gætu skólar á Möltu og í Danmörku undirbúið aðgerðir á götum úti til þess að vekja athygli á einelti í skólum víða um lönd.

Ungt fólk lætur sig þessi mál varða og það getur haft forystu í baráttunni. Það getur hrakið málflutning þeirra sem gagnrýna einstaklingshyggju þess og sinnuleysi, rétt eins og aðrar kynslóðir hafa gert um aldir, og unga fólk getur sannað að þeir hafa rangt fyrir sér sem halda því fram að engin önnur leið sé fær, og það getur einnig hleypt nýju lífi í hina friðsamlegu baráttu fyrir mannréttindum um víða veröld. Ungt fólk er ekki aðeins markhópur þessarar handbókar: það er helsta von hennar og innblástur.

Æskulýðsstarfsemi

Þó að verkefnið í þessari bók eigi að henta til notkunar í formlegu skólastarfi var ætlunin að semja rit sem fyrst og fremst hentaði fólki sem sinnir æskulýðsstarfi utan við hið skipulega menntakerfi. Vissulega getur eðli og umfang slíks starfs verið breytilegt frá einu landi til annars. En með því að leggja til mismunandi aðferðir og fjalla um fjölbreytt málefni var reynt að koma til móts við þarfir þeirra ólíku æskulýðshópa og samtaka sem er að finna í hverju einasta Evrópulandi. Tómskundaklúbbar, skátaflokkar, æskulýðshópar á vegum kirkjunnar, háskólafélög og mannréttindahópar ættu að geta fundið verkefni við hæfi í bókinni og auk þess ætti fólk sem vinnur við hefðbundnari aðstæður að geta notað þau.

Aðalatriðið í æskulýðsstarfi er persónulegur og félagslegur þroski ungs fólks og þess vegna er ef til vill meiri áhersla lögð á þau sjónarmið í meirihluta verkefnanna en á þann hefðbundna tilgang að auka þekkingu. Við samningu verkefnanna var allt kapp lagt á að þau vektu áhuga ungmenna á þessum málum og að notað væri reynslunám til að vekja virðingu fyrir mannréttindum, einkum meðal þeirra sem ekki sýna veruleg viðbrögð við slíkum tilraunum í hinu formlega menntakerfi.

? Notar þú reynslunám í starfi þínu?

Í skólum og við aðrar aðstæður þar sem kennsluáðferðir eru fremur þekkingarmiðaðar en reynslu- og hæfnimiðaðar hafa menn ef til vill litla reynslu af slíkri aðferð. Af þeirri ástæðu var tekið saman efni sem hentugt er að byrja á og einnig ítarefni um kennsluáðferðirnar sem eru notaðar í bókinni (sjá kaflann „Hvernig nota á KOMPÁS“). Þetta var talið mikilvægt til að tryggja að bókin væri ekki einungis aðgengileg ungmönnum alls staðar í Evrópu, heldur einnig kennurum og hópleiðbeinendum eða æskulýðsstarfsmönnum sem ef til vill hafa litla reynslu af tilteknum vinnuáðferðum.

Það er einlæg von okkar að þessi handbók geti orðið til þess að brúa bilið milli kennsluáðferða innan og utan hins hefðbundna skólakerfis. Hver sem vettvangurinn er, þá er bráðnauðsynlegt að fá ungmennin til að vera virkir þátttakendur, ekki síst vegna þess að mannréttindi eru málefni sem kallar á hlutdeild og þátttöku allra. Verkefni bókarinnar eru fjölbreytt að gerð og ættu því að vekja áhuga ungs fólks og auka skilning þess á mannréttindamálum við hvaða aðstæður sem er.

? Hvernig færðu ungt fólk til að taka þátt í verkefnum?

Enn eitt markmiðið var að auðvelda ungu fólki að leggja sjálft fram eitthvað jákvætt í málum sem brenna á því. Þess vegna er einnig kafli í bókinni sem heitir Aðgerðir. Í því sambandi skal tekið fram að fæstar tillögurnar í þeim kafla einskorðast við „aðgerðastefnu“ í mannréttindamálum, heldur eru þetta yfirleitt eðlilegar athafnir ungs fólks sem margir hópar kunna þegar að hafa beitt til að fylgja eftir öðrum málum en mannréttindamálum. Þetta eru aðgerðir sem öll ungmenni eru fús til að taka þátt í.

„Ungt fólk er ekki bara fram-tíðin ... við erum nútíðin.“

Yfirlýsing barna og ungmenna frá samráðsfundi Evrópu og Mið-Asíu vegna sérstaks fundar um réttindi barna, Búdapest 2001.

Barnasáttmálinn

Öll Evrópulönd hafa undirritað og staðfest Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafa þannig skuldbundið sig til að virða hann og að gefa reglulega út skýrslur um það sem þau hafa gert til að koma réttindunum í framkvæmd. Sáttmálinn er mikilvægur hér, ekki síst vegna þess aldurs hóps sem bókin er ætluð, þó að hún eigi einnig að höfða til fólks eldra en átján ára, en sáttmálinn er miðaður við börn og ungmenni upp að þeim aldri.

Sérstaklega þarf þó að geta um sáttmálann vegna þeirrar aðferðafræði sem beitt er í bókinni. Kjarni sáttmálans og samofin mörgum greinum hans (einkum 3. og 12. grein) er sú hugmynd að ungmenni eigi rétt á að tjá skoðanir sínar og að tekið sé tillit til þeirra, í öllum málum sem eru þeim viðkomandi. Misjafnlega hefur gengið að koma þessari hugmynd í framkvæmd: í sumum löndum gefast ungu fólki raunveruleg tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum sem snerta það beint; önnur lönd eru ekki komin jafnlangt áleiðis.

? Er til eintak af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í skólanum eða samtökunum þar sem þú starfar?

Augljóslega ræðst það mjög af þeim tækifærum sem eru fyrir hendi hversu mikil áhrif ungmenni geta haft á ákvarðanir og einnig því hvort ráðlegt sé að grípa til einhverra tiltekinna aðgerða fremur en annarra. Hvað sem því líður skal það almenna sjónarmið ætíð gilda alls staðar í Evrópu að koma skal fram við ungmenni á jafnréttisgrundvelli, eins og allt annað fólk, og þau ber að virða skilyrðislaust.

Vinnuferlið

Í starfshópnum sem stóð að KOMPÁSI voru átta manns og hópurinn þurfti að taka saman ítarefnið og semja verkefnið í bókina. Eins og oft vill verða reyndi mjög á hópinn meðan á þessu stóð – ekki síst vegna þess að skilafrestur var mjög stuttur. Til að tryggja að ólík reynsla skilaði sér sem best var höfð sú regla að alla texta höfundanna yrðu tveir aðrir höfundar að fara yfir og samþykkja. Þá var einnig hvert málefni eða kafli á höndum tveggja manna að minnsta kosti.

Starfshópurinn gaf glögga mynd af Evrópu, að minnsta kosti hinni miklu fjölbreytni sem ríkir innan álfunnar. Þarna var fólk úr norðri, suðri, austri og vestri (og af miðjunni). Saga okkar, siðir, tungumál, klæðnaður og tónlistarsmekkur stangaðist á og skaraðist sitt á hvað. Við vildum ekki alltaf öll það sama og stundum fara ólíkar leiðir því að hvert og eitt okkar vissi betur en hin hvað hentaði eigin landi best.

Samt vissi ekkert okkar hvað hentaði þörfum allra - jafnvel ekki í eigin landi, og það var þess vegna, þegar allt kom til alls, sem framlag allra skipti svo miklu máli.

Einn í starfshópnum, sem býr í einu af kommúnistalöndunum fyrrverandi, kom snemma fram með eftirfarandi fullyrðingu: *löndum í Vestur-Evrópu er annnt um réttindi minnihlutahópa en hins vegar er löndum í okkar hluta Evrópu annnt um réttindi meirihlutans*. Sumir voru líka ósam-mála þessu, þeim fannst sem „þeirra hluti“ Evrópu félli í hvorugan flokkinn. Aðrir voru á því að þetta væri enn ein alhæfingin sem, eins og margar alhæfingar, fæli kannski í sér örlítinn sannleikskjarna. Við reyndum að taka mið af því. En öll hefðum við alveg eins getað haldið þessu sama fram á örlítið mismunandi hátt: *Fólki í Suður-Evrópu / múslímum í Evrópu / í dreifbyli / í höfuðborgum / á stríðshráðum svæðum er annnt um*.

Athugasemdin minnti okkur þó á það að þrátt fyrir sameiginleg markmið okkar var munurinn á menningu okkar ekkert síður augljós en munurinn á okkur, fulltrúunum. Við lukum þessari vinnu með þá sameiginlegu von að rétt eins og við gætu aðrir látið sig þessi vandamál varða, og ættu að gera það, hvar sem þeir byggju, því að þetta eru sannarlega vandamál heimsins alls. Við veltum við því líka fyrir okkur í lokin hvort okkur hefði tekist nógu vel að höfða til allra Evrópubúa. En það hefði, auðvitað, verið óvinnandi verk.

Notkun bókarinnar á ólíkum menningar-svæðum og tungumálum

Tvö meginvandamál fylgja því að semja handbók fyrir svo breiðan hóp viðtakenda. Hið fyrra er hættan á því að bókin verði of almenn; að verkefnin verði ekki nógu sértæk til að geta tekið á einstökum vanda vissra hópa eða íbúa á tilteknum svæðum. Hið síðara er á hinn bóginn sú hættan að fjallað sé á svo sértækan hátt um tiltekin mál að þau annaðhvort virðist ekki koma öllum löndunum við eða séu of viðkvæm til að þorandi sé að impra á þeim í sumum þeirra.

Þau málefni sem fjallað er um í bókinni eru vissulega mikilvæg og varða alla menn, hvar sem þeir eiga heima á hnettinum. Samt sem áður er hugsanlegt að framsetning málefnis eða uppbygging tiltekins verkefnis henti illa vissum hópum eða leiðbeinendum. Í slíkum tilvikum eiga leiðbeinendur eða hópstjórar ekki bara að afrita leiðbeiningarnar eða fylgja þeim í blindni, heldur finna út hvar þörf er á úrbótum, aðlögun eða breytingum með tilliti til aðstæðna. Hafa má almennu leiðbeiningarnar sem hér fara á eftir til hliðsjónar.

Líta ber á þessa handbók sem upphaf eða inngang, lifandi fræðsluefni sem er opið fyrir hugmyndum, aðlögun og öllum tillögum um endurbætur.

Ráðleggingar um aðlögun:

- Ef mál eru umdeild í viðkomandi samfélagi eða ef líklegt er að þau geti vakið andstöðu yfirvalda má hugsanlega líta á þau innan ramma annars samfélags eða í sögulegu samhengi, án þess endilega að nota beinan samanburð við ríkjandi ástand. Ef mál er umdeilt og um það ríkja skiptar skoðanir getur á hinn bóginn verið upplagt að vinna einmitt út frá þeirri staðreynd: hvetja þátttakendur til að íhuga mismunandi sjónarmið og biðja jafnvel einhvern sem fylgir minnihlutanum að málum að lýsa skoðun sinni.
- Ef verkefnin eru notuð í skipulegu skólastarfi, þar sem fylgja þarf stundaskrá nákvæmlega og efnið skiptir höfuðmáli, má hugsanlega nota meira af ítarefni eða öðru efni sem kennarinn eða nemendurnir kunna að finna. Einnig kemur til greina að skipta sumum verkefnum (til dæmis á tvo daga).

- Ef erfitt er að koma mannréttindafræðslu að í skólanum eru margar leiðir til að nota sum verkefni bókarinnar við kennslu í öðrum námsgreinum, svo sem landafræði, sögu eða þegar fjallað er um borgaravitund, stjórnmál o.s.frv. Hugsanlega þarf þá að laga verkefnið að viðkomandi námsgrein.
- Ef ungmennunum þykja tiltekin mál lítilvæg eða þau koma ekki auga á þýðingu þeirra í þeim aðstæðum sem þau búa við sjálf ætti að biðja þau að velta þeim betur fyrir sér og íhuga hvernig slík vandamál gætu breytt þeirra eigin lífi. Öll málefni sem fjallað er um í þessari bók snerta í rauninni allt ungt fólk með beinum hætti!
- Hugsanlega eru í einhverjum verkefnum ákveðnar upplýsingar sem leiðbeinandanum finnst eiga sérstakt erindi til síns hóps eða samfélags eða einhver viðhorf sem þar eiga sérstakan hljómgrunn. Mikilvægt er að sýna sveigjanleika; leyfa skal þátttakendum að koma með tillögur, bæta má við eða stytta tímann ef það hentar, og nýta ætti tillögurnar um framhald ef hópurinn sýnir sérstakan áhuga á einhverju málefni. Stundum þarf að bæta við þær upplýsingar sem eru gefnar eða laga þær að aðstæðunum.
- Leiðbeinendur verða að nota eigin dómgreind til að meta hvort óhætt er að láta ungmenni taka þátt í hvers kyns opinberum aðgerðum, til dæmis ef pólitískar aðstæður eru eldfimar.
- Best er að ungmennin fái að vita af öllum vanda sem leiðbeinandinn stendur frammi fyrir, alltaf þegar mögulegt er. Þau verða þakklát fyrir að fá að láta skoðanir sínar í ljós og verða líklegri til að skilja. Treystið þeim!